

brot kærðs við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, og 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941.

Með því að óhlýðnast stöðvunarmerki lögregluþjónsins hefur kærður gerzt brotlegur við 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 frá 1930.

Með því að aka Smiðjustíg til suðurs hefur kærður brotið gegn einstefnuakstri þeim, er á Smiðjustíg gildir frá suðri til norðurs. Varðar slík háttsemi við 30. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. auglýsingu lögreglustjóra frá 9. júlí 1948.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærðan ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber loks að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Kærður, Georg Emil Nielsen, sæti varðhaldi í 10 daga. Kærður er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. september 1949.

Nr. 117/1949. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Árna Ásgrími Blöndal (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing kærða ákveðst 10 daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að taka skýrslu fyrir dómi af lögregluþjóni þeim, er kærði brot kærða, svo og farþegum þeim, sem voru í bíl kærða. Einnig hefði dómariinn

átt að hlutast til um, að rannsakað væri áfengismagn í blóði kærða, ef þess var kostur.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að refsing kærða, Árna Ásgríms Blöndals, ákveðst 10 daga varðhald.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Sauðárkróks 22. júní 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 22. júní, var í lögreglurétti Sauðárkrókskaupstaðar, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Sigurði Sigurðssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Árna Ásgrími Blöndal, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum, Árna Ásgrími Blöndal, verkamanni á Sauðárkróki, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 71 15. júlí 1937.

Kærður, sem er fæddur 31. maí 1929, hefur með sátt í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu 19. maí 1946 verið sektaður um 100 krónur fyrir byssuskot í friðlýstu æðarvarpi, samkv. 3. gr. sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 74 frá 1941, en ekki sætt öðrum kærnum eða refsingum.

Sunnudagskvöldið 19. þ. m. ók kærður bifreið sinni, sem er lítil fólksflutningsbifreið, K-45, er hann sjálfur á, héðan frá Sauðárkróki fram að Löngumýri í Seyluhreppi. Var hann þar á lokadansleik kvennaskólans á Löngumýri ásamt 3 mönnum, sem hann leyfði rúm í bifreiðinni. Um kl. 2 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 20. þ. m. hélt hann heim aftur í ofangreindri bifreið sinni og hafði þá tekið með sér 4 menn í bifreiðina, en hún er skrásett aðeins fyrir 3 menn auk bifreiðarstjóra. Kl. 3.15 um nóttina varð lögregluþjónninn hér á Sauðárkróki bifreiðarinnar var, er henni var ekið hér um kaupstaðinn, og veitti hann því eftirtekt, að kærður, sem ók bifreiðinni, mundi vera undir áhrifum áfengis. Kærður hefur fyrir lögregluréttinum jatað það tregðulaust og hreinskilnislega, að hann hafi neytt áfengis á dansskemmtuninni á Löngumýri og einnig á leiðinni þaðan til Sauðárkróks, meðan hann ók bifreiðinni. Átti hann sjálfur áfengið, sem hann drakk, og hafði fengið það frá útsölu Áfengisverzlunar ríkisins á Siglufirði. Kærður hefur

látið þess getið, að orsökina til þess, að hann tók einum manni fleira í bifreiðina en honum var rétt að gera, hafi verið sú, að vegna hinna afar miklu vatnavaxta, sem kunnugt er, að nú síðan um síðustu helgi hafa torveldað umferð um láglendi Skagafjarðar, hafi fólkið frá dans-skemmtuninni á Löngumýri sætt vösbúð og verið í vandræðum að komast þaðan. Því hafi hann ekki getað neitað fjórða manninum um far í bifreiðinni.

Kærður hefur ekki haft bifreiðarstjórn að atvinnu, en aðeins ekið framangreindri einkabifreið sinni í eigin þarfir.

Með framangreindu framferði sínu hefur kærður að réttarins áliti gerzt sekur um brot á 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 34. gr. sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 71/1937. Þykir refsing kærðs með tilliti til tregðulausrar og hreinskilinnar játningar hans og með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna þykir rétt að svipta kærðan ökuleyfi bifreiðarstjóra í sex mánuði frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma kærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Árni Ásgrímur Blöndal, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
